
Úr málverkasafni Reykjavíkurborgar 1977



Ekki veit ég hve hentugt það er að leggja vestursal Kjarvalsstaða undir almennar sýningar að sumarlagi. Mér er ekki kunnugt um aðsókn að slíkum sýningum einstaklinga, en þó er mér tjáð að sýningu hins sérstæða grafík-listamanns, Paul Weber, hafi orðið að framlengja tvisvar, eða máski verið framlengd vegna eyðu á prógramminu til þess að eitthvað forvitnilegt væri uppi, sem er í sjálfu sér hárrétt framkvæmd. Ein frábærasta sýning á verkum Kjarvals, sem undirritaður hefur séð, hefur undanfarna mánuði staðið yfir í austursal hússins og ættu sem flestir að halda á fund þeirrar sýningar áður en hún verður tekin niður um næstu mánaðarmót. Ekki er víst að slík sýning á verkum meistarans sjáist þar í bráð, þar sem velflest verkanna eru í einkaeign. Þetta sýningarhús á að einum þræði að heita borgarlistasafn, en borgin á sem kunnugt er fjölda verka Reykjavíkurlistamanna, en þau verk þjóna að jafnaði því vafasama hlutverki að hanga uppi í skrifstofu borgarinnar þeim einum til augnayndis er leið eiga á þessar skrifstofur auk starfsmanna þessara stofnana.

Að sjálfsögðu eru þessi verk keypt fyrir fé borgarbúa eða ganga upp í skuldir er illa árar fyrir hinum ýmsu listamönnum, og er ekki nema sanngjarnt að borgarbúar eigi þess kost að sjá þau sem oftast á einum stað og það í veglegri upphengingu, og mætti þá í beinu framhaldi ætla að safnið hafi mikilvægu hlutverki að gegna sem listmiðlun á þeim tíma er erlendir fjölmenna til höfuðborgarinnar. Mætti þá um leið fara fram fjölbreytt kynningarstarfsemi á öðrum listgreinum, og að borgin lyfti undir það framtak á myndarlegan hátt, því að það gerir veg þeirrar kynningar meiri í augum hins erlenda ferðalangs. Þetta er einmitt það sem flestar menningarborgir leggja áherzlu á. Er heim er haldið á ferðamaðurinn að hafa í mal sínum sem flest bitastætt til frásagnar og kynningar af menningarlífi höfuðborgar vorrar og hér felst mikilvæg auglýsing er skilar sér ríkulega.

— Um þessar mundir stendur yfir sýning á hluta af nefndu safni og hefur verið reynt að setja myndverkin í lauslegt sögulegt samhengi svo sem það heitir í sýningarskrá og virðist mér það hafa tekizt vel. Hvað sem öðru líður er hér um að ræða forvitnilegri sýningu en hér um árið þegar upphengingin var látin ráða ferðinni, að mörgu leyti á hlutdrægan hátt. Á ég við að hlut sumra listamanna var óþarflega mikið hampað á kostnað annarra. Hér ræður hins vegar hlutleysi og hið sögulega yfirlit, og er það mikill ávinningur sýningarinnar, engu er otað að skoðendum á kostnað annars. Ég felli mig hins vegar ekki við hin þungbyggðu skilti er upplýsa skoðendur um hin einstöku tímabil, þá eru þau óþarflega stór og áberandi.

Ljóslega kemur fram að innkaup til safnsins hafa hvorki ráðizt af þröngu sjónarmiði né að viðkomandi aðilar hafi hankað sig á því að vera á móti einu eða öðru sem á markaðinum var hverju sinni, — en hins vegar afsakar það ekki að ýmsar eyður eru á safninu sem þyrfti að fylla upp, og nauðsynlegt er að gera skrá yfir öll verk í eigu borgarinnar og gefa út veglega sýningarskrá yfir öll verkin þar sem þau væru tíunduð í máli og mynd. Slík skráning væri mikil auglýsing fyrir íslenzka myndlist og myndi berast víðsvegar um jarðarkúluna. Þori ég að fullyrða að slíkt fyrirtæki myndi skila arði því að erlenda þyrstir í upplýsingar um íslenzka myndlist, sem liggja sannarlega ekki á lausu. Um það getur undirritaður fellt dóm eftir að hafa setið fjölmargar myndlistarráðstefnum á meginlandi síðasta áratug og sótt heim fjölda nafntogaðra listamanna er jafnan spyrja um uppsláttarrit um íslenzka myndlist. Frændur vorir Finnar eru jafnan með slíkar bækur í sínum mal t.d. **„Kuva Taitei Lijat"**, sem er frábært heimildarrit um finnska myndlistarmenn, og dreifa af mikilli rausn til þeirra er þeir álíta að séu líklegir til að útbreiða fengnar upplýsingar. Þetta hefur haft geysimikla þýðingu fyrir útbreiðslu finnskrar listar um heiminn á undanförnum áratug, og um leið orðið henni mikilvæg lyftistöng heima fyrir . . .

Í beinu framhaldi hér vaknar eðlilega sú spurning hvort það sé ekki allra hagur að fylgja fordæmi Norræna hússins og kynna list borgarinnar og menningu á breiðum grundvelli yfir sumarmánuðina, t.d. frá miðjum júní til ágústloka og leggja undir framkvæmdina báða aðalsali Kjarvalsstaða og gefa meistaranum um leið veglegt rúm.

Að nenfa hér einstök verk hefur lítinn tilgang, en þó vil ég lýsa ánægju minni yfir því að sjá þar verk eftir þá bræður Kristján og Sigurð Guðmundssyni, sem eins og kunnugt er eru búsettir í Amsterdam. Hér vantar þó **Erro, Tryggva Ólafs-**

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

son, Hrein Friðfinnsson og **Þórð Ben. Sveinsson**, sem allir hafa gert garðinn frægan erlendis á undanförnum árum.

En ég vil þakka framtakið mikillega og skemmtilega upphengingu frá hendi þeirra **Aðalsteins Ingólfssonar, Guðmundar Benediktssonar** og **Gunnars Arnar.** Til slíkrar starfsemi þarf að veita ríflegu fé, og þar voru t.d. einungis útlendir að skoða og fræðast er ég leit inn. Segjast verður að sýningarskráin er á neðsta þrepi og afleitt „dokument" til kynningar.

Bragi Ásgeirsson.

---

maður Reykjavíkur og hefur verið áhrifamaður í báðum þeim ríkisstjórnum, sem setið hafa síðustu 6 árin, eru kannski fáir menn sem bera jafn mikla ábyrgð á þeim vanda, sem upp er kominn í atvinnumálum Reykvíkinga og einmitt hann.

Víðtækara vandamál

Hér í Morgunblaðinu hefur kannski fyrst og fremst verið fjallað um þessi málefni á þeim grundvelli, að hér væri um vandamál höfuðborgarinnar að ræða, og leiðir það e.t.v. af því að þar er vandinn mestur og þessi mál hafa verið mest til meðferðar og umræðu hjá borgarstjórn Reykjavíkur. Hitt er alveg ljóst, eins og Morgunblaðið hefur raunar vakið margsinnis athygli á, að þessi vandi er engan veginn bundinn við Reykjavík eina. Hann nær til alls höfuðborgarsvæðisins og Reykjaneskjördæmis, ekki sízt Suðurnesja. Er þá átt við vandamál, sem smátt og smátt hefur verið að skapast á lengri tíma. Jafnframt hefur komið fram nú síðustu vikuna, að aðkallandi vandamál í atvinnumálum eru einnig komin upp víðar á Suður- og Vesturlandi en í þessum tveimur kjördæmum, Reykjavík og Reykjanesi, og eru þá alveg sérstaklega alvarlegir þeir rekstrarörðugleikar, sem komnir eru upp hjá frystihúsunum í Vestmannaeyjum, fiskvinnslustöðvum, sem alla tíð hafa verið í röð fremstu og bezt reknu frystihúsa á Íslandi og jafnan notið góðrar afkomu, þegar aðstæður hafa verið til, en eru nú komin að því að stöðvazt.

Þess vegna dugar ekki lengur að ræða um þessi mál sem reykvísk vandamál eða vandamál bundin Reykjavík, nágrenni og Suðurnesjum, þau eru víðtækari. Frumrótin er sú, að það hefur ekki orðið jafn ör uppbygging og endurnýjun í útgerð og fiskvinnslu á þessu svæði eins og í öðrum landshlutum. Skuttogarabyltingin hefur að vísu teygt anga sína til þessa svæðis, en hún hefur ekki notast því jafn vel og öðrum landshlutum, og bersýnilegt er, að endurnýjun og uppbygging fiskvinnslustöðva hefur ekki verið jafn ör og annars staðar. Skylt er þó að geta þess, að þó að Byggðasjóður hafi um allmörg ár ekki lánað til fiskvinnslustöðva á þessu svæði og fiskiskipakaupa, þá hefur orðið stefnubreyting hjá Byggðasjóði á allra síðustu árum. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að við erum nú að súpa seyðið af áhrifum fyrri stefnu Byggðasjóðs í þessum efnum og áhrif stefnubreytingarinnar fara ekki að koma fram fyrr en á næstu árum.

Það sem mestu skiptir nú er að taka hin aðkallandi rekstrarvandamál fiskvinnslustöðvanna á þessum landssvæðum til meðferðar og úrlausnar, og það er engan veginn auðvelt verk. Þessi frystihús hafa búið við misjafnara hráefnisframboð en frystihús í öðrum landshlutum og það hefur valdið óhagkvæmari rekstri. Í öðru lagi er miklu minni hluti þess hráefnis, sem þessi frystihús fá til vinnslu þorskur en það hráefni, sem frystihús annars staðar á landinu vinna úr og veldur það einnig óhagkvæmari rekstri. Í þriðja lagi sýnist sem sú ákvörðun, að greiða hærra verð fyrir stórfisk í því skyni að stuðla fremur að veiðum hans og draga úr sókn i millifisk og minni fisk hafi haft þau áhrif að stórfiskurinn, sem kannski er aðallega hér við Suðurlandið, og fer því til frystihúsa á þessum umræddu svæðum, þýði einfaldlega dýrara hráefni fyrir þau heldur en það hráefni sem önnur frystihús fá til vinnslu og er jafnvel óhagkvæmari í vinnslu en millifiskurinn. Loks er svo augljóst, að sérstaklega á Suðurnesjum eru frystihúsin alltof mörg og alltof smá. Sum þeirra eru gömul, úrelt og úr sér gengin og afar illa rekin, á kafi í skuldum og óreiðu og slíkum húsum á einfaldlega að loka. Það þýðir væntanlega aukið hráefnisframboð til þeirra, sem eftir eru, og um leið hagkvæmari rekstur þeirra.

Atvinnulífið í Reykjavík

Í sambandi við þessar umræður um atvinnuvandamál á Suðurlandi og Vesturlandi er nauðsynlegt að vekja máls á því, að afstaða Íslendinga til atvinnurekstrarins hefur löngum verið of neikvæð. Hann er út af fyrir sig nógu góður til þess að borga mönnum laun, en það á helzt ekkert fyrir hann að gera. Þetta hugarfar þarf að breytast og það er ekki ólíklegt, að það verði mönnum nokkurt umhugsunarefni einmitt þessa dagana, þegar frystihús á Suður- og Vesturlandi eru í óða önn að segja upp starfsmönnum sínum og hafa við orð að loka um mánaðamótin, að ekki er endalaust hægt að leggja auknar byrðar á þessi fyrirtæki.

Það er t.d. ekki við góðu að búast í útgerðarmálum Reykjavíkur, þegar það er hér um bil þrisvar sinnum dýrara fyrir togarana að landa fiski í Reykjavík á hvert kíló heldur en á Ísafirði og Akureyri. Það er ekki hægt að búast við því, að það stuðli að blómlegri útgerð frá Reykjavík, þegar þannig er haldið á málum. Óánægja iðnaðar- og þjónustufyrirtækjanna á Ártúnshöfða með frágang á götum og lóðum í því hverfi sýnir líka, að tímabært er orðið fyrir höfuðborgina að beina meiri athygli að frágangi iðnaðarhverfa en gert hefur verið. Í þessum efnum hefur orðið algjör bylting í höfuðborginni á síðasta einum og hálfum áratug eins og kunnugt er. Og nú er svo komið, að frágangur gatna fylgir mjög vel eftir uppbyggingu nýrra íbúðahverfa, en sú óánægja, sem komið hefur fram hjá forsvarsmönnum fyrirtækja á Ártúnshöfða hér á síðum Morgunblaðsins undanfarna daga sýnir, að iðnaðar- og þjónustufyrirtæki gera nú einnig vaxandi kröfur til borgarinnar og er það út af fyrir sig ánægjulegt. Þó verða menn að gera sér grein fyrir því, að ekki er allt hægt að gera í einu, en allar slíkar umræður og skoðanaskipti eru til góðs eins. Þá hlýtur Reykjavíkurborg að taka til athugunar, hvort unnt er að greiða betur fyrir fyrirtækjum í sambandi við greiðslu gatnagerðargjalda, sem eru mjög þungbær fyrir fyrirtæki, sem eru að hefja byggingarframkvæmdir og verða á tiltölulega stuttum tíma að greiða tiltölulega há gatnagerðargjöld.

Kannski skiptir þó mestu að hugarfarið hjá embættismönnum sveitarfélaga og stjórnmálamönnum, sem hafa með þessi mál að gera sé ekki það að láta toga út úr sér fyrirgreiðslu fyrir atvinnureksturinn og skipa honum að borga þegar í stað, heldur að menn taki atvinnurekstrinum opnum örmum, líti á það sem jákvæða afstöðu til viðkomandi byggðarlags, að atvinnurekendur vilji byggja upp fyrirtæki í því byggðarlagi og greiði fyrir því með margvíslegum hætti í stað þess að taka atvinnurekendum með hundshaus og láta þá fá það á tilfinninguna, að það sé verið að gera þeim ógurlegan greiða með því að gera þeim kleift að stunda atvinnurekstur í tilteknu byggðarlagi, en það er afstaða, sem er alltof algeng og tíð á Íslandi, en á ekki við jákvætt viðhorf atvinnurekstrarins til viðkomandi byggðarlags kemur hins vegar fram hjá Kristmund Sörlasyni, talsmanni fyrirtækjanna á Ártúnshöfða er hann segir í samtali við Morgunblaðið að atvinnurekendur þar séu bæði að hugsa um aðbúnað starfsfólks síns en ekki síður þá óheillaþróun, sem flótti fyrirtækja frá Reykjavík sé.



Þórarinn Þórarinsson — **Birgir Ísl. Gunnarsson** — **Kristmundur Sörlason**